

30.fundur hjá æskulýðs-og íþróttanefnd 8.desember 2008

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Eydís Eypórsdóttir, Vignir Sveinsson, Ingi B Ingason og Einar Gunnarsson

1. Skýrslur forstöðumanna.

Íþróttahús:

Vignir sagði frá því að það væri verið að ljúka vinnu við þakkantinn. Fjölliðamótum er lokið á þessu ári, aldrei hafa verið eins mörg fjölliðamót og í ár hjá okkur. Mikill sparnaður fyrir alla aðila að mótin séu haldin hér. En eftir áramót eigum við ekki að fá mót hingað, en líklegast gengur það ekki eftir, þar sem önnur íþróttahús eru mikið bókuð.

Frjálsíþróttadeild Snæfells óskar eftira ð kaupa áhöld í íþróttahúsið, útidýnu og fleira.

Dýnur sem eru í íþróttahúsinu fara ekki út á íþróttavöll í sumar þær skemmast og eru gerðar til notkunar innanhúss.

Vignir hefur skoðað dýnur t.d erlendis og veit nokkuð vel hvað vantar. Viljum við beina því til bæjarins að skoða þessi mál.

Varðandi hreinsun á sparkvelli hér, þá er ekki talin ástæða til að hreinsa hann í bili. Vignir hefur skoðað hann og fylgist hann með ástandi hans reglulega.

Brunavarnarkerfi í íþróttahúsinu. Farið verður í þau mál í maí n.k. Brunavarnareftirlitsmaður taldi það gott og gilt að framkvæmdir hæfust í maí.

Aðsókn hefur verið svipuð ár frá ári í sundlauginni

Boccia hefur tekist vel til hjá eldri borgurum.

Æskulýðs og íþróttafulltrúi:

Eydís sagði frá því að hún er að móta þetta starf og taki það sinn tíma.

Nóg er að gera í bænum fyrir alla aldurshópa.

Hún hafði samband við Ingveldi Eypórs og hún lét vel af starfinu með krökkunum í leikfélaginu

Í kirkjunni hefur presturinn og guðfræðineminnt verið með kristilegt starf sem kallast TTT tíu til tólf ára og er þetta einu sinni í vikun, en stangast á við X-ið og ætlar hún að athuga hvort hægt að breyta opnunar tímunum hjá X-inu

Hún er með ýmislegt í skoðun sem kemur nánar fram síðar.

Eydís var spurð að því hvort hún komi að forvarnarstarfi, Hún kemur að því,

2. Önnur mál.

Ungmennaráð. Katrín sagði frá því að nú væri verið að vinna í því að fá nýja krakka í ungmennaráðið og verður það upplýst á næsta fundi

Einar Gunnarsson sagði frá því að hann hefur komið við í X-inu og rætt við strákana og vona þeir að aðsóknin verði meiri þegar leikfélagið er hætt, en þeir eru með margar hugmyndir sem þeir koma vonandi í verk.

Vignir sagði frá því að það þyrfti að hækka gjaldskrá íþróttahúss og sundlaugar. Engin hækkun var á síðasta ári. Óskum við eftir að endurskoðun gjaldskrár verði tekin til umfjöllunar af bæjaryfirvöldum.

Vignir sagði líka frá því að kaffikostnaður væri orðin mjög hár í íþróttahúsinu og hefur verið tekin ákvörðun að selja kaffið frá 1.jan. 2009

Forvarnarmál:

Einar Gunnarsson spurði um forvarnaráætlun bæjarins og Eydís ætlar að kynna sér þau mál og ákváðum að fara yfir þessi mál á næsta fundi.

Fleira ekki rætt.

Sign

Katrín Pálsdóttir formaður og ritari.